



Drög að yfirlýsingu um samstarf sveitarfélaga um loftslagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun

Lagt fram til umræðu á stofnfundi 19. júní 2019

Stofnfundur samráðsvettvangs sveitarfélaganna um loftslagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, sem fram fer í Reykjavík 19. júní 2019, skorar á sveitarstjórnir um allt land að standa að yfirlýsingu í eftirfarandi veru:

Sveitarstjórn fagnar því frumkvæði sem Samband Íslenskra sveitarfélaga hefur tekið með stofnun samráðsvettvangs, sem ætlaður er sveitarfélögum landsins til samstarfs og samráðs um loftslagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Sveitarstjórn telur brýnt að ríki og sveitarfélög grípi nú þegar til markvissra og samstilltra aðgerða til að mæta áskorunum samtímans á sviði loftslagsmála og aðlaga íslenskt samfélag að þeim breytingum sem þegar hafa átt sér stað og fyrirséðar eru vegna loftslagsbreytinga. Einn mikilvægasti liðurinn í því aðkallandi starfi er að íslenskt samfélag verði lagað að kröfum sjálfbærrar þróunar. Sameinuðu þjóðirnar hafa lagt gagnlegan grunn að slíku starfi með heimsmarkmiðum um sjálfbæra þróun.

Sveitarstjórn lýsir sig tilbúna til þátttöku í samráðsvettvanginum með þátttöku í fundum og viðburðum um loftslagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Á sínum vettvangi mun sveitarstjórn beita sér fyrir markvissum aðgerðum og stefnumótun í átt til aukinnar sjálfbærni og kolefnishlutleysis. Fulltrúar sveitarfélagsins munu einnig, eftir því sem tilefni er til og aðstæður leyfa, taka þátt í miðlun þekkingar, þróun mælinga á árangri og öðru samstarfi sem tengist samráðsvettvanginum.

Stofnfundurinn áréttar að með aðild sinni að samráðsvettvangi sveitarfélaganna skuldbinda sveitarfélög sig til þess að nýta samráðsvettvanginn til að miðla þekkingu og reynslu sín á milli varðandi loftslagsmál og innleiðingu heimsmarkmiðanna og leita tækifæra til samstarfs þar sem þau gefast. Samráðsvettvangurinn mun jafnframt vinna eftir föngum að þróun á samanburðarhæfum árangursmælingum og stuðla að greiðu aðgengi að faglegum og fjárhagslegum stuðningi til aðgerða á sveitarstjórnarstigi. Lögð er áhersla á að fjarfundabúnaður verði nýttur í störfum samráðsvettvangsins til að tryggja greiðan aðgang allra sveitarfélaga að starfinu.

Hvert og eitt sveitarfélag hefur þýðingarmiklu hlutverki að gegna fyrir aðlögun nærsamfélagsins að forsendum sjálfbærrar þróunar. Í heild sinni hefur framlag sveitarfélaganna jafnframt afgerandi þýðingu fyrir framgang sjálfbærrar þróunar hér á landi og alþjóðlegar skuldbindingar íslenskra stjórnvalda í þeim efnum.

Loks áréttar stofnfundurinn mikilvægi þess að tryggð verði aðkoma sveitarfélaga að setningu, framfylgd og framþróun laga og reglna er tengjast loftslagsbreytingum og sjálfbærri þróun samfélagsins.